

**Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á  
höfundarréttarvernduðu efni**

**02724**

**Ársreikningur 2025**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni (02724) er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs.

Á árinu 2025 var ársvelta 130,0 milljónir og afkoma kr. 0,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 0,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 0,0 milljónir.

Starfsemin á árinu 2025 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2025. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 5.

Það er álit mitt að ársreikningur 2025 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál. Einnig staðfesti ég að eftirfarandi sé samkvæmt minni bestu vitund og þekkingu.

Innleitt hefur verið innra eftirlit varðandi vinnslu fjárhagsupplýsinga og meðferð fjármuna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og uppgötva svik og skekkjur og að ekki hafa komið upp atvik sem benda til þess að innra eftirlit sé ekki að virka sem skyldi.

Öll viðskipti á reikningsárinu sem tilheyra starfsemi ársins hafa verið færð í bókhald. Þau eru í samræmi við viðtekna viðskiptavenju og ekki hefur verið um neina óeðlilega verðlagningu að ræða.

Að útgjöld og aðrar fjármálalegar ráðstafanir hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga eða annarra laga sem gilda um reksturinn. Aðgreining kostnaðar milli málefnasviða/málaflokka er rétt.

Veittar hafa verið fullnægjandi upplýsingar um tengda aðila og viðskipti við þá í samræmi við lög um ársreikninga/settar reikningsskilareglur.

Allar eignir koma fram í efnahagsreikningi og fullnægjandi eignarheimildir eru fyrir öllum eignum sem fram koma í efnahagsreikningi og eignaskrá. Upplýsingar hafa verið veittar um allar kvaðir eða veðsetningar sem hvíla á eignum.

Áætlun um notkunartíma varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið yfirfarin og er í samræmi við áform um notkun og við teljum lokavirði, eins og það kemur fram í eignaskrá, raunhæft.

Þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við reikningshaldslegt mat á viðskiptakröfum, birgðum og öðrum eignaliðum eru viðeigandi og að kröfur muni innheimtast í samræmi við matið.

Upplýsingar hafa verið veittar um allar skuldir í árslok, bæði áföllnum og skilyrtum, þar á meðal ábyrgðum sem við höfum veitt vegna þriðja aðila, skuldbindandi samningum, skaðabótakröfum, málaferli, skattaskuldir og aðrar skuldir sem geta haft veruleg áhrif á mat á fjárhagsstöðuna. Þær koma fram í ríkisreikningi og séryfirlitum með ríkisreikningi eftir því sem við á.

Veittar hafa verið upplýsingar um atburði eftir reikningsskiladag sem áhrif geta haft á mat á fjárhagsstöðuna í lok árs.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikninginn fyrir árið 2025 með rafrænni undirritun sinni.

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2025

|                                                              | 2025               | 2024               |
|--------------------------------------------------------------|--------------------|--------------------|
| <b>Tekjur</b>                                                |                    |                    |
| Tekjufærsla fjárveitinga .....                               | 130.000.000        | 125.100.000        |
| Framlög og ýmsar tekjur .....                                | 0                  | 0                  |
| <b>Tekjur samtals</b>                                        | <b>130.000.000</b> | <b>125.100.000</b> |
| <b>Gjöld</b>                                                 |                    |                    |
| Framlög og tilfærslur .....                                  | 130.000.000        | 125.100.000        |
| Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....         | 0                  | 0                  |
| Annar rekstrarkostnaður .....                                | 0                  | 0                  |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....                     | 0                  | 0                  |
| <b>Gjöld samtals</b>                                         | <b>130.000.000</b> | <b>125.100.000</b> |
| <b>Afkoma ársins</b>                                         | <b>0</b>           | <b>0</b>           |
| <b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b> |                    |                    |
| Rekstur .....                                                | 0                  | 0                  |
| Rekstrartilfærslur .....                                     | 0                  | 0                  |
| Fjármagnstilfærslur .....                                    | 0                  | 0                  |
|                                                              | <b>0</b>           | <b>0</b>           |

## Efnahagsreikningur 31. desember 2025

|                                                                                        | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|----------------------------------------------------------------------------------------|------------|------------|
| <b>Eignir</b>                                                                          |            |            |
| Handbært fé .....                                                                      | 0          | 0          |
| Skammtímakröfur, kröfur við tengda aðila og fyrirframgreiddur kostnaður .....          | 0          | 0          |
| Staða við ríkisjóð .....                                                               | 0          | 0          |
| <b>Eignir samtals</b>                                                                  | <b>0</b>   | <b>0</b>   |
| <b>Skuldir</b>                                                                         |            |            |
| Staða við ríkisjóð .....                                                               | 0          | 0          |
| Ýmsar skammtímaskuldir (fyrirframgreiddur kostnaður) og skuldir við tengda aðila ..... | 0          | 0          |
| <b>Skuldir samtals</b>                                                                 | <b>0</b>   | <b>0</b>   |
| <b>Eignir samtals að fráðregnum skuldum samtals</b>                                    | <b>0</b>   | <b>0</b>   |
| <b>Eigið fé</b>                                                                        |            |            |
| Hrein eign .....                                                                       | 0          | 0          |
| <b>Eigið fé samtals</b>                                                                | <b>0</b>   | <b>0</b>   |
| <b>Eigið fé og skuldir samtals</b>                                                     | <b>0</b>   | <b>0</b>   |

## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

|                                                                  | Fjárveiting til<br>rekstrar | Rekstrar-<br>tilfærslur | Fjármagns-<br>tilfærslur | Fjárveiting til<br>fjárfestinga | Samtals            |
|------------------------------------------------------------------|-----------------------------|-------------------------|--------------------------|---------------------------------|--------------------|
| Fjárlög að fráðregnum rekstrartekjum skv.<br>fjárlögum 2025..... | 0                           | 130.000.000             | 0                        | 0                               | 130.000.000        |
| Fjáraukalög og aðrar breytingar ársins .....                     | 0                           | 0                       | 0                        | 0                               | 0                  |
| <b>Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu</b>                       | <b>0</b>                    | <b>130.000.000</b>      | <b>0</b>                 | <b>0</b>                        | <b>130.000.000</b> |
| Ráðstöfun ársins að fráðregnum sértekjum                         | 0                           | (130.000.000)           | 0                        | 0                               | (130.000.000)      |
| <b>Staða fjárveitinga í lok árs 2025.....</b>                    | <b>0</b>                    | <b>0</b>                | <b>0</b>                 | <b>0</b>                        | <b>0</b>           |

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum.

### Innlausn tekna

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.